

1009

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 302/1989. **Bára Þórarinsdóttir**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Guðjóni Snæbjörnssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Verksamningur. Dagektir. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989. Hún krefst þess, að stefndi greiði sér 6.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, af 5.700.000 krónum frá 7. september 1987 til 7. nóvember 1987, en af 6.600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hún staðfestingar á löghaldi, er gert var 2. ágúst 1988 í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að sannað sé, að vinnupallar hafi ekki fullnægt öryggiskröfum, sem áskildar voru. Áfrýjandi bar ábyrgð á gerð vinnupallanna gagnvart stefnda. Hún hefur ekki sýnt fram á, hvenær endanlega var bætt úr ágöllum á þeim. Múrhúðun innan húss var lokið fyrir tilskilinn tíma að öðru leyti en því, að eftir var að ljúka þeim frágangi, sem um getur í niðurstöðu héraðsdóms. Var það ekki á ábyrgð stefnda, svo sem réttilega er rakið í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur ekki sannað, hvenær stefnda var gert fært að ljúka verkinu. Ber því að fallast á hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar tafir á verklokum, og sýkna stefnda af dagektakröfu áfrýjanda.

Í héraðsdómi er ranglega tekin til úrlausnar endurkrafa áfrýjanda á hendur stefnda vegna hugsanlegrar ofgreiðslu. Þess var ekki kraf-

ist. Stefndi hefur hins vegar hér fyrir dómi krafist staðfestingar héraðsdóms og lýst því yfir, að hann geti sætt sig við hann að þessu leyti. Þá verður að líta svo á, að hann hafi fellt sig við ákvörðun héraðsdóms um löghald það, sem fram fór 2. ágúst 1988 í eign stefnda í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði. Þykir með ofangreindum athugasemdum mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öllu leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bára Þórarinsdóttir, greiði stefnda, Guðjóni Snæbjörnssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. júní 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 18. maí sl., er höfðað hér fyrir þinginu af Ólafi Sigurgeirssyni hdl. með stefnu, birtri 19. september 1988.

Stefnandi er Bára Þórarinsdóttir kaupmaður, Laugarásvegi 10 í Reykjavík, en stefndi er Guðjón Snæbjörnsson múrarameistari, Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 6.600.000 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, sem gert var í fógetarétti Hafnarfjarðar 2. ágúst 1988, til tryggingar ofangreindum kröfum sínum í fasteign stefnda, Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að aflýsa löghaldi því, er hvílir á fasteign stefnda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Sáttatilaunir dómara hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning um múrverk að Laugarásvegi 10 í Reykjavík 11. desember 1986. Stefndi, sem er múrarameistari, skyldi ljúka múrverki innan húss fyrir 1. febrúar

1987, en utan húss eigi síðar en 15. apríl 1987. Með bréfi, dagsettu 6. maí 1987, rifti stefndi verksamningnum og bar við vanefndum verkkaupa á greiðslum og að hann gæti ekki lokið verkinu vegna tafa annarra verktaka. Stefnandi mótmælti riftun verksamningsins og kvaðst hafa efnt samninginn í hvívetna.

Hinn 15. maí 1987 sættust aðilar og gerðu með sér viðbótarverksamning. Segir m.a. í honum:

„2. gr.

Riftunartilkygning á aðalsamningi, sem verksali sendi verkkaupa hinn 6. maí 1987, fellur niður. Skal svo á líta sem hún hafi aldrei verið send. Ágreiningsefni hafa verið leyst þannig:

a) Verksali skal eigi síðar en kl. 8 að morgni mánudagsins 18. maí nk. setja a.m.k. þrjá múrara í að ljúka múrverki innan húss. Skal því verki að fullu lokið eigi síðar en kl. 17 mánudaginn 25. maí nk. Skal þá sá verkhluti tekinn út. Verksali skal ljúka verki fyrr, sé þess kostur.

b) Áður en verksali byrjar verk sitt, sbr. a-lið hér að framan, skal verkkaupi gera upp að fullu gjaldfallna efnisreikninga.....

c) Verkkaupi hefur greitt inn á múrverk innan húss 520.000 kr., en heildarverð þess verkþáttar er 850.000 kr., sbr. aðalsaming.....

Standi verksali ekki við ákvæði samnings þessa um að ljúka múrverki innan húss innan greindra tímamarka, skal reikna honum dagsektir, 50.000 kr. per dag. Séu það ófyrirsjáanleg tilvik, sem til þessa leiði, eins og verkföll, náttúruhamfarir eða atriði, sem varða verkkaupa eða aðra verktaka á hans vegum, skal eigi beita dagsektum. Komi hins vegar til dagsekta, skal draga þær frá við lokauppgjörið.

3.gr.

Múrverk utan húss skal hefjast eigi síðar en tveim vikum eftir, að vinnupallar hafa verið teknir út af Öryggiseftirliti ríkisins, En fyrir liggur úttekt þess og kröfur um úrbætur.

4. gr.

Verksali skal ljúka múrverki utan húss innan átta vikna frá þeim tíma-mörkum, sem greinir í 3. gr. hér að framan. Skal hann hafa stöðugt í verkinu eigi færri en þrjá menn. Dagsektarákvæði skulu vera þau sömu og í 2. gr., c-lið.“

Stefndi lauk ekki við verkið, og eru dómkröfur stefnanda reistar á ákvæðum viðbótarverksamnings um dagsektir.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekki komist inn í húsið til að ljúka verkinu. Um þúsningu utan húss heldur stefndi því fram, að vinnupallar

hafi verið í svo miklu ólagi, að hann hafi ekki getað látið menn sína vinna á þeim af öryggisástæðum.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dóminum stefnandi og stefndi, Haukur Sævaldsson verkfræðingur, húsasmíðameistararnir Þórhallur Borgþórsson, Sigurður Magnússon og Friðrik Ólafsson, Þröstur Eggertsson múrarameistari, Júlíus Samúelsson múrarasveinn og Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómslögmaður.

II.

Stefnandi kveður stefnda hafa lokið múrverki innan húss á tilsettum tíma fyrir 25. maí 1987 að öðru leyti en því, að ekki hafi verið múrað með úti-dyrum og dyrum á neðri hæð að innanverðu, ekki hafi verið múrað undir svaladyrum og ekki í kringum bílskúrsdyr að innanverðu. Stefnandi kveðst hafa ráðið Róbert Árni Hreiðarsson hdl. til að annast sín mál gagnvart stefnda, eftir að viðbótarverksamningurinn var gerður. Hafi hann séð um að greiða stefnda. Hinn 15. júní 1987 hafi stefndi komið á skrifstofu Róberts Árni og lýst yfir því, að verkinu væri lokið innan húss, og fengið lokagreiðslu. Róbert Árni hafi tekið stefnda trúanlegan og greitt honum lokagreiðslu, enda þótt verkinu hafi ekki verið alveg lokið.

Þegar í ljós hafi komið, að stefndi átti þó nokkuð ógert, hafi Róbert Árni hringt í stefnda og óskað eftir því, að stefndi lyki verkinu. Stefnandi hafi sagst myndu gera það, strax og hann hæfi vinnu utan húss, sem átti að verða næstu daga. Það hafi ekki gengið eftir, og hafi stefnda verið sent bréf, dagsett 24. ágúst 1987, þar sem skorað var á hann að efna samninginn in natura, en án árangurs.

Varðandi múrhúðun utan húss kveður stefnandi stefnda hafa átt að byrja á því verki tveimur vikum eftir, að vinnupallar hefðu verið teknir út af Vinnueftirliti ríkisins. Sú úttekt hafi farið fram 20. júlí 1987, og hafi vinna á þeim verið heimiluð. Sama dag hafi stefnda verið sent bréf og tilkynnt, að vinna á þöllunum væri heimil, og ætlast til þess, að hann hæfi múrverk eigi síðar en 4. ágúst 1987. Ítrekunarbréf hafi verið sent 24. ágúst, en án árangurs.

Stefnandi heldur því fram, að vanefndir stefnda hafi haft margháttadar afleiðingar í för með sér. Fyrir utan andleg óþægindi hafi öll vinna við húsið dregist stórlega. Stefnandi hafi ekki getað flust inn í húsið fyrr en löngu seinna en áætlað var. Tjón hafi hlotist af því, að ekki var unnt að ganga frá þaki vegna vanefnda stefnda. Upp úr þakinu gangi turn fyrir miðju húsi, og hafi verið nauðsynlegt að múra hann, áður en blikksmiðir hæfu vinnu við lokafrágang á þakinu, því að hvort tveggja væri, að þak-efnið væri viðkvæmt og mætti ekki ganga á því og þetta þyrfti þakið við turninn, eftir að hann væri múraður. Hafi þakið byrjað að leka, vegna

þess að ekki var unnt að ljúka frágangi þess. Stefnandi kveðst hafa látið múra húsið að utan í nóvember 1988, og hafi það orðið fjórum sinnum dýrara en tilboð stefnda hljóðaði upp á.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar í málinu á ákvæðum viðbótarverk-samnings um dagsektir, en samkvæmt honum skyldi stefndi greiða 50.000 kr. á dag fyrir hvern dag, sem drægist að ljúka hvorum verkþætti fyrir sig, innanhússmúrverki og utanhússmúrverki.

Samkvæmt samningnum skyldu verklok innan húss vera 25. maí 1987 og utan húss 4. október 1987. Stefnandi kveðst einungis gera dagsektar-kröfur til 7. september 1988 vegna innanhússmúrverks, en vegna utanúss-múrverks til 29. október 1988.

Dómkröfur sundurliðar stefnandi þannig vegna múrverks innan húss tímabilið 26. maí 1987 til 7. september 1987: 50.000 kr. á dag í 114 daga, 5.700.000 kr. Vegna múrverks utan húss fyrir tímabilið 4. október 1987 til 29. október s.á., 50.000 kr. á dag í 18 daga, samtals 900.000 kr. Dagsektir nemi því samtals 6.600.000 kr. (5.700.000 + 900.000), sem sé stefnufjár-hæð máls þessa.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á samningi aðila. Dagsektir séu samningsbundnar skaðabætur og algengar í verksamningum. Með þeim losni verkkaupi undan því að sanna, að tiltekið tjón hafi orðið vegna van-efnda og afhendingardráttar. Geti verkkaupi því krafði verktaka um dag-sektir, óháð því, hvort tjón hafi orðið mikið, lítið eða jafnvel ekki neitt. Verkkaupi þurfi því einungis að sýna fram á, að afhendingardráttur hafi orðið, til þess að geta krafði um dagsektir. Jafnframt því að vera skaða-bætur séu dagsektir einnig hugsaðar sem refsing fyrir afhendingardrátt verktaka og eigi sem slíkar að hafa varnaðaráhrif.

III.

Stefndi er ósamþykkur málavaxtalýsingu stefnanda í meginatriðum. Hann hafi lokið múrverki innan húss samkvæmt samningi fyrir 25. maí 1987. Eftir hafi verið að múra að útdyrum, svaladyrum, dyrum á neðri hæð og bílskúrsdyrum. Þessir verkþættir, sem stefndi telur vera eitt dags-verk, hafi verið skildir eftir einfaldlega af þeirri ástæðu, að nauðsynlegt hafi verið að setja dyrakarmana fyrst í, áður en múrað hafi verið að. Dyrakarmanar hafi hins vegar ekki verið komnir í, þegar stefndi lauk verkinu. Stefndi kveðst hafa farið á fund Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. 15. júní 1987 og fengið lokagreiðslu fyrir verkið. Kveðst hann jafnframt hafa skýrt Róbert Árna frá því, hvað eftir væri, og beðið hann að hringja í sig, þegar dyrakarmanar væru komnir í, og myndi hann þá ljúka við verkið. Um miðjan júlí hafi Róbert Árni tilkynnt sér, að búið væri að setja dyr í húsið. Stefndi kveðst hafa farið á laugardegi að Laugarásvegi 10 og ætlað að ljúka verk-

inu. Húsið hafi þá verið lokað, og hafi hann þurft frá að hverfa. Hann hafi á þessum tíma einnig verið verktaki í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Stefnandi eigi þar verslun, og hafi þau hist í Kringlunni strax eftir helgina. Hann kveðst hafa óskað eftir lykli að húsinu, en stefnandi hafi neitað sér um lykil og gengið á brott. Vitnin Þröstur Eggertsson múrarmeistari, Reykjahlið 14, Reykjavík, og Júlíus Samúelsson múrarasveinn, Dúfnahólum 2, Reykjavík, voru starfsmenn stefnda á þessum tíma. Hafa þeir báðir staðfest frásögn stefnda um, að stefnandi hafi neitað stefnda um lykil í umrætt sinn. Hafi þessi atburður orðið þeim minnisstæður og orðið umræðuefni hjá starfsmönnum stefnda þann dag.

Stefndi kveðst þá hafa haft samband við Róbert Árna og tjáð honum, að hann kæmist ekki inn í húsið, og spurt, hvort hann hefði lykil. Róbert Árni hafi ekki haft lykil, en vísað sér á aðra iðnaðarmenn, sem voru að vinna í húsinu á þessum tíma. Stefndi kveðst hafa sagt Róbert Árna frá því, að hann væri að fara í sumarleyfi til útlanda eftir tvo daga, og myndi Þröstur Eggertsson múrarmeistari sjá um öll sín mál á meðan. Myndi Þröstur ljúka verkinu, um leið og hann kæmist inn í húsið, og kveðst stefndi hafa gefið Róbert Árna upp símanúmer Þratar. Róbert Árni hafi hins vegar ekki haft samband við Þröst. Kveðst stefndi ekki hafa heyrt frá Róbert Árna fyrr en með bréfi hans frá 24. ágúst 1987. Vitnið Þröstur Eggertsson hefur staðfest, að stefndi hafi lagt fyrir sig að ljúka múrverki innan húss að Laugarásvegi 10, um leið og Róbert Árni opnaði húsið.

Vitnið Róbert Árni Hreiðarsson hefur skýrt á annan veg frá en stefndi. Hann minnst þess ekki að hafa neitað stefnda um lykil að húsinu. Vera kynni, að stefndi hafi hringt í sig og óskað eftir lykli, en hann sagt, að hann hefði ekki lykil, og vísað á aðra iðnaðarmenn, sem voru fjölmargir að vinna í húsinu. Efaðist Róbert Árni um, að nokkur dagur hefði fallið úr á árinu 1987, sem ekki hefði verið unnið í húsinu. Húsið hefði því verið opið alla virka daga. Hann kvaðst ekki hafa haft lykil að húsinu, en hefði stefndi óskað sérstaklega eftir lykli, hefði hann útvegað lykil strax.

Áður en aðilar gerðu með sér viðbótarverksamning, taldi stefndi sig ekki geta unnið að múrverki utan húss, þar sem vinnupallar væru ótryggir. Fékk hann Vinnueftirlit ríkisins til að skoða pallana. Athugun þess leiddi í ljós, að handrið og hnélista vantaði á hluta vinnupallanna, gólfklæðningu var áfátt, stiga vantaði upp á pallana, hæð undir þakskegg of lítil, gönguleið umhverfis húsið ógreiðfær og nauðsynlegt hefði verið að bæta við stöðum við suðurhlið og stífa alla pallana betur. Var öll vinna bönnuð, þar til bætt hefði verið úr. Í 3. gr. viðbótarverksamnings segi, að stefndi skuli hefja múrverk utan húss eigi síðar en tveimur vikum eftir, að vinnupallar hafi verið teknir út af Vinnueftirliti ríkisins. Hinn 20. júlí 1987 geri Vinnueftirlit

ríkisins skýrslu um ástand vinnupallanna, og segi þar, að úrbætur hafi verið gerðar, og sé vinna á þöllum heimil.

Stefndi kveðst hafa séð strax, að þessi skýrsla Vinnueftirlits ríkisins frá 20. júlí 1987 hlyti að vera byggð á misskilningi, því að lítið sem ekkert hafi verið átt við pallana og úr mörgum þeim aðfinnsluatríðum, sem upp voru talin í fyrstu skýrslu frá 11. maí 1987, hafði ekki verið bætt. Þessu til sönnunar kveðst stefndi hafa fengið ljósmyndastofu til að taka myndir af vinnuþöllum 8. ágúst 1987, og hafa þær verið lagðar fram í málinu. Enda hafi komið á daginn, að vinnueftirlitið hafi með skýrslu 23. september 1987 fundið að fjölmörgum atríðum. Þar segir m.a.:

„Miðvikudaginn 23.9. 1987 fór fram skoðun á vinnuþöllum og vinnusvæði við nýbygginguna Laugarásveg 10 í Reykjavík. Í ljós kom, að vinnupallarnir eru í því ástandi, að vinna á þeim er ekki heimil nema að undangenginni verulegri lagfæringu þeirra. Vinnuáðstöðu var einnig verulega ábótavant á þöllum og umhverfis þá vegna rusls og þrengsla. Vinna er þó að sjálfsgöðu heimil á þöllum til beinnar lagfæringar á þeim.

Eftirfarandi kröfur um úrbætur eru gerðar:

1. Handrið skulu hvergi vera lægri en 1 metri á hæð (mælt frá gólfklæðningu upp að efri brún handriðs). Þau ná víða ekki þessari hæð.

2. Styrkja skal handrið, þar sem samsetningar þeirra eru víða of veikar og ófullnægjandi.

3. Setja skal hnélista, þar sem þá vantar.

4. Stigar skulu festir tryggilega, og skulu þeir vera með eðlilegum halla, ca. 4:1. Þeir skulu þannig upp settir, að þægilegt og hættulaust sé að ganga um þá. Kjálkar stiga skulu ná a.m.k. 1 metra upp fyrir gólf verkpalls.

5. Fjarlægð vinnupallanna er víða 0,55 - 0,6 metrar eða meira frá veggjum. Breikka þarf vinnupallana að húsveggjum, þannig, að bil verði ekki meira en ca. 0,3 metrar frá veggjum. Sérstaklega á þetta við umhverfis svalir að vestanverðu.

6. Lagfæra þarf gólfklæðningu, negla betur gólfborð og bæta við borðum, þar sem við á, og styrkja gólf, þar sem það er of veikt, t.d. við svalir að sunnanverðu.

7. Pallana skal stífa betur, svo að þeir verði stöðugir (sérstaklega að vestanverðu).

8. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir við vinnupallinn að sunnanverðu vegna of mikillar hæðar frá gólfi vinnupalls upp að þakskeggi.

9. Fjarlægja skal spýtur og annað rusl, sem er undir þöllum og umhverfis þá, svo að vinnusvæði og umferðarleiðir verði eins greiðfærar og kostur er.“

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til stefnda frá 6. október 1987 segir án

frekari skýringar, að niðurstaða skýrslu frá 20. júlí „er því hér með dregin til baka“.

Friðrik Ólafsson húsasmíðameistari annaðist lagfæringar á vinnupöllum, eftir að fyrsta skýrsla Vinnueftirlitsins frá 11. maí 1987 lá fyrir. Hann kveðst hafa lækkað pallana, stífað þá betur og sett handrið, og hafi verkinu lokið 17. júlí 1987. Hann kveðst hafa óskað eftir því við stefnanda að fá að rífa vinnupallana og byggja þá upp að nýju, en stefnandi ekki viljað það. Lagfæringar hafi átt að vera í algjöru lágmarki að kröfu stefnanda. Sjálfur taldi Friðrik vinnupallana hafa verið óforsvaranlega eftir þær breytingar, sem hann gerði á þeim. Friðrik annaðist uppsetningu dyra og dyrakarma fyrir stefnanda. Hafi hann unnið það verk um mánaðamótin maí-júní 1987. Hann segist hafa lokið við að setja karma í útidyr 6. júní 1987. Taldi hann nauðsynlegt að setja dyrakarma upp, áður en múrað væri að þeim.

Stefndi kveðst aldrei áður hafa undirritað verksamning með dagsektar-ákvæðum. Stefnandi og lögmaður hennar hafi ráðið upphæðinni, 50.000 kr. á dag, en hann kveðst ekki hafa haft áhyggjur af dagsektum, þar sem hann taldi sig hafa nægilegan tíma til að ljúka verkinu.

Rök stefnda fyrir sýknukröfunni séu því, að múrverki innan húss hafi ekki verið hægt að ljúka sökum þess, að stefnandi hafi hvorki fyrr né síðar afhent sér lykla né gert tilraun til þess að afhenda sér lykla að fasteigninni Laugarásvegi 10, Reykjavík, þrátt fyrir sérstaka beiðni stefnda þar um í votta viðurvist. Sé því ekki um það að ræða, að sér hafi verið mögulegt að ljúka múrverki innan húss, þrátt fyrir það að það hafi verið smávægilegt. Sé enginn fræðilegur grundvöllur né samningsréttarlegur til þess, að stefnandi eigi rétt á dagsektum í samræmi við verksamning aðila, þar sem stefnandi hafi meinað stefnda að efna samning aðila in natura.

Um kröfu stefnanda um dagsektir vegna utanhússpússningar bendir stefndi á skýrslur Vinnueftirlits ríkisins um ólögmeitt ástand vinnupallanna og vinnuástandur, sem ekki hafi verið bætt úr. Sé því sömuleiðis um að ræða ómöguleika (sic), sem haldið sé uppi af hálfu stefnanda, og sé stefnda, sem er múrrameistari, ekki heimilt að láta starfsmenn sína vinna við slíkar aðstæður.

Um vaxtatöku bendir stefndi á, að vaxtatöku af dagsektum sé hvergi heimiluð samkvæmt lögum, sbr. ákvæði laga 25/1987.

Rökstuðningur fyrir málskostnaðarkröfunni sé sá, að málshöfðun þessi sé algjörlega tilefnislaus og einungis gerð í þeim tilgangi að ná í fjármuni frá stefnda, sem engin rök séu fyrir, að inntir verði af hendi.

Að lokum heldur stefndi því fram, að öll kröfugerð stefnanda sé í algjöru ósamræmi við nokkurt hugsanlegt tjón, sem hún kynni að hafa orðið fyrir. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfu-

réttar svo og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk samningalaga nr. 7/1936, sbr. ákvæði laga nr. 11/1986.

IV.

Dómendur fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður að Laugarásvegi 10 ásamt aðilum og lögmönnum þeirra.

Það þykir nægilega sannað með skýrslum Vinnueftirlits ríkisins og framlögðum ljósmyndum frá 8. ágúst 1987, að vinnupallar hafi ekki fullnægt þeim öryggiskröfum, sem áskildar eru skv. reglugerð nr. 240/1972, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 46/1980, 2. tl.

Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um dagsektir vegna múrverks utan húss.

Samkvæmt íslenskum staðli 30, 3. útgáfu, frá 15. september 1988 segir, að dagsektir skuli að jafnaði ekki vera hærri en 0,2% af samningsfjárhæð. Mun það einnig hafa verið tíðkanleg venja á þeim tíma, er stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning. Ef miðað er við það, hefðu dagsektir átt að vera 2.600 kr. á dag í samningi aðila.

Ágreiningslaust er, að stefndi lauk múrverki innan húss fyrir 25. maí 1987, eins og kveðið er á í viðbótarverksamningi. Eftir stóðu verkþættir, sem stefndi taldi sig ekki geta unnið, fyrir en búið væri að setja upp dyrakarma. Það er einnig álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að eins og aðstæður eru að Laugarásvegi 10, hafi verið nauðsynlegt að ganga frá dyrakörmum fyrst, en múra síðan að þeim. Fram hefur komið í málinu, að dyrakarmar voru settir upp um mánaðamót maí-júní 1987, og lauk því verki 6. júní s. á., 11 dögum eftir að verklok áttu að vera á múrverki innan húss.

Leggja verður framburð stefnda til grundvallar, að það hafi ekki verið fyrir en um miðjan júlí 1987, sem honum var tilkynnt um, að karmar væru komnir í. Hann hitti stefnanda að máli nokkrum dögum síðar og óskaði eftir lykli að húsinu, þar sem hann hafði ekki komist inn í húsið til að ljúka því, sem eftir var. Samkvæmt framburði stefnda og tveggja vitna neitaði stefnandi stefnda um lykil að húsinu án frekari skýringar. Verður að leggja framburð þeirra til grundvallar við úrlausn málsins.

Dómurinn telur, að stefndi hefði getað lokið öllu múrverki innan húss fyrir 25. maí 1987, ef ekki hefðu komið til tafir af hálfu stefnanda. Þá telur dómurinn, að tjón stefnanda hafi verið óverulegt vegna þeirra verkþátta, sem eftir urðu innan húss. En með neitun sinni á að afhenda stefnda lykil að húsinu verður talið, að stefnandi hafi einhliða rift samningi aðila, og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu stefnanda að öðru leyti en því, að rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda fyrir að múra að dyrakörmum á þeim fernum dyrum, sem eftir urðu. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að um fjögurra daga verk sé að ræða fyrir einn

múrara. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 32.000 kr., og er þá tekið mið af útseldri vinnu múrarmeistara, eins og hún er í dag. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, frá dómsbirtingu til greiðsludags, enda verður ekki fallist á það með stefnda, að féviti beri ekki dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Staðfest er lögald, sem gert var í fúgetarétti Hafnarfjarðar 2. ágúst 1988 fyrir ofangreindri upphæð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari og með-dómsmennirnir Atli Ólafsson byggingafræðingur og Hörður Þórarinsson múrarmeistari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðjón Snæbjörnsson, Hvassabergi 4, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Báru Þórarinsdóttur, Laugarásvegi 10, Reykjavík, 32.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, frá dómsbirtingu til greiðsludags.

Staðfest er lögald fyrir 32.000 kr. í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði, samkvæmt fúgetagerð, dags. 2. ágúst 1988.

Málskostnaður fellur niður.
